

49. fundur

22. janúar 2015

1201046SA SBG

Málalykill: 502

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands þann 22. janúar 2015 kl. 09:00.

Fulltrúar Þroskaþjálfafélags Íslands á fundinum voru: Anna Lilja Magnúsdóttir og Laufey Gissurardóttir. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundinum voru: Berglind Eva Ólafsdóttir og Sólveig B. Gunnarsdóttir, sem ritaði fundargerð.

1. Gildistími launaröðunar ráðgjafaþroskaþjálfna í Hafnafjarðarkaupstað framhald frá síðasta fundi:

Á síðasta fundi var fallist á að ráðgjafaþroskaþjálfni raðist sem umsjónarþroskaþjálfni 1, en ekki var tekin afstað til þess frá hvaða tíma röðunin taki gildi.

Niðurstaða:

SNS telur breytta röðun eiga að taka gild frá næstu mánaðarmótum eftir að erindið barst nefndinni.

2. Gildistími launaröðunar ráðgjafaþroskaþjálfna í Mosfellsbæ, framhald frá síðasta fundi

Á síðasta fundi var fallist á að ráðgjafaþroskaþjálfni raðist sem umsjónarþroskaþjálfni 1, en ekki var tekin afstaða til þess frá hvaða tíma röðunin taki gildi.

Niðurstaða:

SNS telur breytta röðun eiga að taka gild frá næstu mánaðarmótum eftir að erindið barst nefndinni.

3. Niðurstaða könnunar um þóknun skv. grein 1.5.3 vegna forstöðuþroskaþjálfna.

Vegna niðurstöðu könnunar sem var til félagsmálafulltrúa eru aðilar sammála um að þörf sé á að áréttu ákvæði greinar 1.5.3 og 2.3.8 og munu senda eftirfarandi fjölpóst til sveitarfélaga:

Í kjölfar könnunar sem send var til félagsmálafulltrúa um framkvæmd greinar 1.5.3 í kjarasamningi sem segir: "SKYLT að ákvarða forstöðumönnum sérstaka þóknun vegna

álags í starfi." kom í ljós að framkvæmd ákvæðisins væri almennt ekki með réttum hætti. Af þessu tilefni er þeim tilmælum beint til sveitarfélaga að kanna hvort forstöðuþroskajálfum er greidd ákveðin þóknun í samræmi við ákvæði kjarasamnings.

Við ákvörðun þóknunar þarf auk þess að taka tillit til þess að vegna eðli starfa forstöðumanna er þeim ekki tryggður sérstakur tími til töku kaffitíma, sem eru 12,54 klst. á mánuði m.v. 100% starf. Til annars álags í starfi utan dagvinnutíma má telja; skipulag mönnunar vakta vegna veikinda, umsýslu vegna umsjónar með húsnæði og öryggismálum, umsýslu vegna daglegs lífs íbúa, samskipti við aðstandendur og utanaðkomandi aðila og þess háttar verkefni sem til geta fallið hvenær sem er sólarhringsins.

Álag, áreiti og vinnuframlag utan dagvinnumarka hjá þroskajálfum sem veita forstöðu úrræðum sem starfrækt eru allan sólarhringinn er eðli málsins samkvæmt almennt meira en hjá öðrum forstöðumönnum og því rétt að þóknun til þeirra taki mið af því í formi sanngjarnra yfirvinnugreiðslna eða stjórnendaálags.

Taki forstöðumaður aukavakt fellur það utan þóknunar skv. greininn.

Ef samkomulag hefur orðið um að starfsmaður safni allt að 10 frídögum á ári vegna yfirvinnu ber ALLTAF að greiða yfirvinnuálag sem er 44,44% af yfirvinnutímakaupi starfsmanns. Yfirvinnuálag skal ekki tekið út í fríi, heldur skal það greitt við næstu reglulegu útborgun, þ.e.þegar yfirvinnan ella hefði komið til greiðslu.

Frí vegna yfirvinnu frá fyrra ári, sem ekki hefur verið nýtt fyrir 15. apríl ár hvert, skal greitt út sem dagvinnustundir við næstu reglulegu útborgun.

Ef yfirvinnubann er hjá sveitarfélögum þarf að ákveða þóknun samkvæmt framansögðu í öðru formi t.d. með stjórnendaálagi. Ef forstöðumenn þurfa að taka aukavakt er skylt að greiða yfirvinnu sé ekki til staðar samkomulag skv. grein 2.3.8 í kjarasamningi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12.15

Sauðey E. Sinsuvar
Anna hjó Magnúsdóttir

Enga Rún Ólafsdóttir
Ólafur B. Gunnarsdóttir